

24

22. febr.

## AUGLÝSING

um breytingu á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis, nr. 41 27. apríl 1935.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlikis skulu vera 30 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 3 alþjóðaeiningar af D-fjörefni.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., til að öðlast gildi 15. marz 1955. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni frá 13. janúar 1941.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

25

17. febr.

## REGLUGERÐ

fyrir Gæzluvistarhælið að Gunnarsholti.

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Gæzluvistarhælið að Gunnarsholti.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að taka til vistar og gæzlu ofdrykkjumenn, er lokið hafa dvöl á Kleppsspítala eða á væntanlegu drykkjumannahæli, og sjá þeim fyrir góðri aðbúð og hollum athöfnum þeim til styrktar, á meðan þeir eru að breyta um viðhorf til áfengisneyzlu.

3. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða: Daggjöld vistmanna, annar væntanlegur ágóði af rekstri, styrkir frá gæzluvistarsjóði og fleirum, gjafir, áheit og annað, er til fellur.

4. gr.

Ráðsmaður hefur á hendi daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar í samráði við lækni hennar um allt, er varðar aðbúnað vistmanna og skipti við þá. Stjórnarnefnd Ríkisspítalanna annast fjárreiður og reikningshald stofnunarinnar.

5. gr.

Stofnunin gerir sér far um að sjá vistmönnum fyrir starfi við hvers eins hæfi, og er til þess ætlazt, að þeir vinni minnst þrjár stundir hvern virkan dag. Laun þeirra skulu ákveðin kr. 10.00 á klukkustund fyrstu þrjá mánuði vistartímans, kr. 11.00 næstu þrjá og kr. 12.00 upp frá því. Þriggja stunda vinnulaun ganga upp í hluta sjúklings í greiðslu daggjalda. Læknir stofnunarinnar ákveður, hver starfi hæfir vistmanni og hve margar stundir hann skuli vinna á degi hverjum.

6. gr.

Sérhver vistmaður er skyldur að hegða sér vel og hlíta í hvivetna heimilisreglum stofnunarinnar. Vistmenn mega ekki fara frá hælínu nema í fylgd með

ráðsmanni eða starfsmönnum stofnunarinnar samkvæmt fyriræmælum ráðsmanns. 25  
Aldrei mega vistmenn sækja dansleiki eða aðrar skemmtanir, þar sem ætla má, að 17. febr.  
vín verði haft um hönd.

Læknir stofnunarinnar getur veitt þeim vistmönnum, sem dvalizt hafa þrjá mánuði eða lengur á hælínu, fjarvistarleyfi í 2—3 daga í senn, enda telji hann, að treysta megi þeim til að fara vel með slík leyfi.

Allir vistmenn skulu vera viðstaddir til viðtals við lækni stofnunarinnar, þegar hann kemur á staðinn.

#### 7. gr.

Nú veikist vistmaður af langvinnum sjúkdómi eða reynist af öðrum ástæðum ekki fær um að stunda minnst þriggja klukkustunda vinnu á dag, og skal þá leitast við að koma honum á aðra viðeigandi heilbrigðisstofnun til lækninga, svo fremi ekki reynist unnt að ráða bót á sjúkdómnum á staðnum að dómi læknis stofnunarinnar. Slíkur sjúklingur á síðar að fengnum bata og vinnuhæfni forgangsrétt að vist á hælínu að nýju.

#### 8. gr.

Tímalengd hælisvistarinnar fer eftir úrskurði læknis stofnunarinnar innan þeirra marka, sem leiðir af ákvæðum 10. gr. laga nr. 55/1949, en gert er ráð fyrir minnst hálf til eins árs dvöl. Skulu vistmenn brottskráðir til reynslu í hálf ári áður en þeir verða að fullu brottskráðir.

Byrji vistmaður að neyta áfengis að nýju, gefst honum að jafnaði kostur á vist aftur.

Áfengisvarnaráð skipar ármenn (social workers) fyrir hælíð eftir þörfum, og skulu þeir starfa fyrir og aðstoða vistmenn innan heimilis og utan. Áður en vistmaður er brottskráður til reynslu, skal hælíð eða ármenn þess ávallt leitast við að útvega honum starf og dvalarstað, er telja má vera við hans hæfi, ef hann hverfur ekki að ákveðnu heimili og atvinnugrein.

#### 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55 25. maí 1949, sbr. lög nr. 91 29. des. 1953, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. febrúar 1955.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. jan. 1933, nr. 30 1. marz 1943 og nr. 15 6. febr. 1952) um 66 $\frac{2}{3}$ %, þannig að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 10 krónur, og aðrir liðir samsvarandi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. febrúar 1955.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*